

FUNDARGERÐ

6. fundur stjórnar FÍSOS haldinn í Listasafni Íslands 22. maí 2012.

Mætt voru: Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður, Bergsveinn Þórsson, Hildur A. Gunnarsdóttir, Jón Allanson, Arndís Bergsdóttir var í fjarfundarsambandi. Þorbjörg Br. Gunnarsdótti ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

1. Málþing í haust um málefni náttúruminjasafns.

Samþykkt að FÍSOS standi fyrir málþingi í haust um málefni náttúruminjasafns hugsanlega í samstarfi við HÍ. Formanni falið að hafa samband við Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræði við HÍ varðandi samstarf um þetta verkefni. Festa þarf niður dagsetningu málþingsins sem fyrst með hugsanlegum samstarrfsaðilum.

2. Inntaka nýrra félaga

JA greindi frá að Helga Jóna Egilsdóttir, Þjóðskjalasafni hefði verið samþykkt í félagið á milli funda.

Fyrir lægi umsókn Báru Magnúsdóttur hjá Listasafni Íslands um aðild.

Umsókn hennar var samþykkt.

Einnig bætist töluvert við af félögum sem stunda nám í safnafræði og hagnýtri menningarmiðlun við HÍ.

Meðlimir FÍSOS eru nú 270 með nemendum (34) í HÍ en einungis 8 söfn.

3. Íslensku safnaverðlaunin

HAG fulltrúi stjórnar FÍSOS í dómnefnd verðlaunanna greindi frá starfi nefndarinnar.

Um 40 tilnefninfar bárust en þarf af voru fá söfn.

Stjón FÍSOS fær senda skýrslu um starf dómnefndar en formaður hefur þegar fengið hana í hendur.

Tilnefningar sem stóðu upp úr: Listasafn Einars Jónssonar, heimasíða, Safnahúsið Húsavík, grunnsýning, forvörsluhandbók Þjóðminjasafnsins.

Verðlaunaafhendingin verður á safnadaginn 8. júlí á Bessastöðum.

Kost naður við verðlaunin hefur aukist töluvert síðan síðustu úthlutun,

Samþykkt að standa áfram vel og rausnarlega að þessu samvinnuverkefni með ICOM.

Safnaverðlaunanefndin lagði fram tillögu um að Þórði á Skógum verði veitt

heiðursverðlaun á safnadaginn. Ákveðið að ræða það mál betur á næsta fundi stjórnar.

4. Ráðstöfun styrks frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Rætt um að nota þau 800 þús. kr. sem úthlutað var, til að vinna góða skýrslu sem lögð yrði fram á farskólanum um verkefni og skyldur FÍSOS með tilliti til nýrra laga.

BP mun fá hlutlausan aðila til að gefa álit (lögfræðilegt) hvaða áhrif löggin hafa á FÍSOS og vinna skýrsluna út frá því.

Starfshópur um framtíðarstarfsemi FÍSOS (BP, AB, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Guðný Dóra Svavarsdóttir) mun sækja eftir fund með ráðherra og Guðna Tómassyni.

5. Önnur mál:

Heimasíða félagsins: Elfa er að hætta og mun BP taka að sér að sjá um heimasíðuna og póstlistann. Þarf að fara yfir þetta hvoru tveggja og kanna hvort nauðsynlegt sé að uppfæra eigi heimasíðuna . Ræða nánar á næsta fundi.

Safnabókin: Formaður lagði til að það yrðu umræðu um safnabókina og markaðsetningu safna á farskólanum. FÍSOS er nú aðallega fulltrúi safnamanna en ekki safna. JA benti á að þetta mæti einnig ræða á aðalfundi FÍSOS. Samþykkt að setja þetta mál á dagskrá aðalfundar.

Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði í byrjun júní n.k. Fleira gerðist ekki og fundi slitið.